

Vísir - Konum fjölgar í stjórnnum stærri fyrirtækja



Í lok árs 2013 voru konur 25,1% stjórnarmanna fyrirtækja.

VISIR/GVA

Í lok árs 2013 voru konur 25,1% stjórnarmanna fyrirtækja sem greiða laun og skráð eru í hlutafélagaskrá en þetta kemur fram í frétt frá Hagstofu Íslands.

Hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja var til samanburðar 21,9% árið 1999 og 22,9% árið 2008. Konum hefur fjölgað mikið í stjórnnum stærri fyrirtækja undanfarin ár.

Árið 2013 voru konur ríflega 30% stjórnarmanna í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri til samanburðar við tæplega 15% árið 2008. Skýring á þessum miklu breytingum má rekja til nýrra laga um kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja.

Fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn eru tæplega 98% af fjölda fyrirtækja sem greiða laun. Athygli vekur að hlutfall kynja í stjórnnum þeirra fyrirtækja hefur lítið breyst á síðustu árum.



